



2010-2011

Atferlisþjálfun - lokaskýrsla



Guðrún Bragadóttir verkefnastjóri

Leikskólinn Teigasel

2010-2011

Atferlisþjálfun

Lokaskýrsla

Nafn skóla : Leikskólinn Teigasel Akranesi

Nafn verkefnisins: Atferlisþjálfun

Nafn verkefnisstjóra: Guðrún Bragadóttir

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

- Að innleiða atferlisþjálfun sem aðferð í vinnu með einhverf börn og börn með raskanir á einhverfurófi, til viðbótar við þau vinnubrögð sem til staðar eru.
- Að byggja upp sérfræðipækkingu í leikskólanum við kennslu einhverfra barna.
- Að kennarar geri kennsluefni sem nýtist í atferlisþjálfun.
- Að leggja grunn að því að Leikskólinn Teigasel verði móðurskóli atferlisþjálfunar á Akranesi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

- Fimm starfsmenn fóru á námskeið hjá Greiningar – og ráðgjafarstöð ríkisins í atferlisþjálfun. Síðar fóru 3 starfsmenn á skráningarnámskeið, en talsverð skráning fylgir þessari aðferð.
- Guðbjörg Ösp Einarsdóttir þroskaþjálfari var ráðin til starfa við leikskólann, en hún hafði kynnt sér vel þessa aðferð í sínu námi og hefur verið okkur stoð og stytta í gegnum verkefnið.

- Allt starfsfólk fékk kynningu á atferlisþjálfun og hlutirnir útskýrðir fyrir þeim í upphafi verkefnisins. Jákvæðni ríkti í starfsmannahópnum gagnvart aðferðinni.
- Fundinn var staður fyrir þjálfun á deildunum
- Keyptar voru bækurnar; Behavioral intervention for young children with autism, A manual for parents and professionals og A work in progress.
- Útbúin voru kennslugögn og styrkir.



- Í atferlisþjálfun er mjög skýr rammi og skýrar leiðir að markmiðum. Farið var eftir þeim.
- Tekið var mið af hverju barni fyrir sig og unnið út frá þörfum þess.
- Tveir þjálfar byrjuðu að vinna með börnin tvö sem voru í þjálfun, en síðar í ferlinu bættist við einn þjálfafi svo þá höfðum við þrjá þjálfafa á okkar snærum.
- Agnes Elíadóttir ráðgjafi í atferlisþjálfun / þroskaþjálfafi og Sigríður Lóa Jónsdóttir sálfræðingur á Greiningar – og ráðgjafastöð ríkisins, komu með reglulegu millibili og héldu vinnufundi með okkur í leikskólanum og foreldrum. Einnig komu sérfræðingar t.d. talmeinafræðingur, iðjuþjálfafi og ráðgjafi frá Akraneskaupstað. Á vinnufundunum var farið yfir áætlanir og ákveðið hvert framhaldið ætti að vera.



- Útbúin var glærukynning á verkefninu og upptökur af þjálfun og héldum við kynningu fyrir aðra leikskóla á Akranesi, sérfræðiþjónustu Akraness, og sérdeild Brekkubæjarskóla. Að auki komu kennarar úr öðru sveitarfélagi á kynninguna.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

- Mun tímafrekara var að útbúa kennslugögnin en við áætluðum.



- Áætlun verksins gekk mjög vel og hafa ekki verið mikil frávik.
- Allir voru tilbúnir að vinna með okkur í þessu og hefur það líka hjálpað til við það að áætlun gekk vel.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

- Það tók okkur tíma að finna rétta styrki fyrir börnin, þó sérstaklega fyrir eldra barnið.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

- Framfarir barnanna sjást vel í skráningunni.
- Mjög gott ut anumhald um stöðu barnsins.
- Við fundum mikinn meðbyr með verkefninu sem hjálpaði okkur mikið.
- Áhugi foreldra einhverfra barna í nágrennasveitafélögunum kom okkur á óvart, einnig sýndu starfsmenn annarra leikskóla á Akranesi áhuga.
- Fjölbreyttari þjálfunaraðferðir fyrir börn með einhverfu í leikskólum á Akranesi.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Verkefnið hefur áhrif inn í starf leikskólans, á jákvæðan hátt. Þar sem atferlisþjálfun einblínir meira á að hrósa fyrir jákvæða hegðun heldur en að gefa neikvæðri hegðun

athygli. Því höfum við einblínt meira á það að grípa þau góð og horfa á undanfara hegðunar, því engin hegðun á sér stað í tómarúmi.

- Atferlisþjálfun er hægt að nota með fleiri börnum en börnum með einhverfu, t.d. í málörvun og félagsfærni.

Niðurstöður verkefnisins :

- Við teljum að við höfum náð þeim markmiðum sem við settum í byrjun, þar sem við höfum tileinkað okkur þessa aðferð í leikskólanum. Skráning sem gerð hefur verið sýnir að börnin eru að sýna framfarir á þeim sviðum sem unnið hefur verið með.
- Markmið okkar var einnig að halda kynningarfund og það höfum við gert. Við buðum á hann þeim sem vinna í þessum geira innan Akraness en jafnframt óskaði Hvalfjarðarsveit eftir að fá að senda fulltrúa frá sér á kynninguna. Það var mjög góð mæting á þennan kynningarfund og fundum við fyrir miklum áhuga meðal þeirra sem mættu og urðu miklar umræður eftir kynninguna.
- Þessi aðferð er komin til með að vera á meðan að foreldrar óska eftir henni. Jafnframt munum við nýta okkur hluta úr atferlisþjálfuninni í annarri þjálfun innan leikskólans. Einnig vonumst við eftir að þessi þjálfun muni fylgja börnunum upp í grunnskóla.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Kynningarfundur var haldin í Teigaseli 5.október 2011 fyrir starfsmenn í öðrum leikskólum Akraness, sem höfðu áhuga á að kynna sér þessa aðferð. Einnig komu starfsmenn frá fjölskyldustofu, kennarar úr nágrennasveitafélaginu og sérdeild Brekkubæjarskóla.
- Við höfum fengið óskir um að kynna þessa aðferð fyrir foreldrum barna á einhverfurófinu sem eru að skoða þær aðferðir sem eru í boði í þjálfun fyrir börn á einhverfurófinu. Við munum finna tíma með hverju einu foreldri til að fara yfir og kynna aðferðina fyrir þeim.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:

- Atferlisþjálfun er komin til að vera hér í Teigaseli á meðan foreldrar barna óska eftir því.
- Sérdeild Brekkubæjarskóla hefur sýnt þessari aðferð áhuga þar sem eldra barnið okkar í þjálfuninni er að fara í Brekkubæjarskóla og hafa foreldrar óskað eftir því að atferlisþjálfuninni verði haldið áfram þar.
- Stefnt er á samstarf með atferlisþjálfun á milli Teigasels og sérdeildar Brekkubæjarskóla þar sem við í leikskólanum miðlum til þeirra.
- Upplýsingar um atferlisþjálfun er hægt að skoða á vef Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins www.greining.is